

## 063/00 - Bv. Vestmannaey VE-54

Vestmannaey VE-54, skipverji slasast þegar hann fellur úr stiga

### Bv. Vestmannaey VE-54

**Skipaskr.nr.:** 1273

**Smíðaður:** í Japan 1972 úr stáli

**Stærð:** 636,41 brl; 923,00 bt

**Lengd:** 60,32 m **Breidd:** 9,50 m **Dýpt:** 6,50 m

**Vél:** Niigata 1.691,80 kW **Árgerð:** 1988

**Annað:**

**Földi skipverja:** 25



Vestmannaey ©Tryggvi Sigurðsson

### Atvikalýsing

Hinn 7. október 1998 var bv. Vestmannaey VE-54 að veiðum í Skeiðarárdýpi.

**Veður:** Ekki bókað veður í dagbók skips.

Tveir skipverjar voru í lest skipsins við frágang á afla. Þegar því var lokið lagði annar skipverjanna af stað upp úr lestinni er hann var kominn að lóðréttum stiga sem var útgönguleið úr lestinni. Á lestargólfí við stigann var stafli umbúða sem þurfti að fara upp á áður en komist varð að stiganum. Skipverjinn lagði af stað upp stigann en á leiðinni missti hann handfestu á þrepi stigans og fíll aftur fyrir sig og lenti á umbúðastafla fyrir neðan. Slasaði lá hreyfingarlaus fyrst á eftir en komst með aðstoð upp úr lestinni. Samkvæmt samráði við læknir var talið að það tæki allt að viku fyrir slasaða að jafna sig. Þrettán dögum síðar var slasaði ferjaður yfir í annað skip sem var á leið til hafnar.

### Við rannsókn kom fram

- að slasaði hafði verið 29 daga á sjó;
- að áætlað er að hæð umbúða við stigann hafi verið um einn metri;
- að samkvæmt frásögn skipstjóra voru suðvestan 2 vindstig þegar slysið varð;
- að samkvæmt frásögn stýrimanns er mikið um bakmeiðsli um borð í þessu skipi vegna vinnuaðstöðu.

### Nefndarálit

Nefndin telur að ekki hafi verið sýnd fullnægjandi aðgæsla við að fara um stiga í kældri lest (frystilest). Hæð af umbúðum og upp í karm fyrir mannopið hafi verið rúmlega mannhæð.